# Stefnumótun-skipulag og hönnun í þjóðgarðinum á Þingvöllum.






Ferðamálaþing 2015
28. október 2015
Einar Á. E. Sæmundsen

Þingvellir fyrir aldamótin 1900



# Hinn fullkomni ferill



# Hinn raunsanni ferill



Stefnumörkun
frá 1988

Stefnumótun
2004-2024

Endurskoðun
stefnumótunar
2004-2024
í gangi núna.



## Hvað felst í stefnumótun fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum

- Grunnlýsingu, þ.e. hvaða náttúrufarslegu og sögulegu auðlindum garðurinn

- Greiningu á sérstöðu

- Mótun framtíðarsýnar. Það er, að setja fram þau markmið sem vísa veginn að þeirri framtíð sem menn sjá fyrir sér.
Hvernig er æskilegt að Þingvellir verði eftir ákveðinn árafjölda. Hvað sjáum ,,við" fyrir okkur?

→ Leiðir að markmiðunum koma síðan fram í framkvæmdaáætlun þjóðgarðsins og rekstaráætlunum.

Stefnumótun þjóðgarðsins má finna á www.thingvellir.is

**Mjög breyttar forsendur frá 2004**



- miklu fleiri gestir, tæp milljón 2016
- stóraukið álag
- aukin þjónusta
- ýmis önnur þróun





**Ferli endurskoðunar**

Hugmyndaleit 2011

- Undirbúningur frá hausti 2014
- Verklýsing og samráð í mars 2015
- Úrvinnsla og umfjöllun þingvallanefnd vorið 2015
- Tillaga auglýst
- Þingvallanefnd staðfestir á næsta ári





**Áherslur við endurskoðun**

- Hlutverk og staðarval mannvirkjasvæða
- Umferð stýrt
- Styrkir innviðir








Markmið fyrir kjarnasvæði:
- Bílar minna áberandi
- Öruggt og skilvirkt flæði gesta


Núverandi staða
Óskilgreind bílastæði
Rútur og einkabílar saman
Óskastaða
Vel skilgreind færri
og stærri bílastæði
Rútur og einkabílar aðskilin


ie
icelandexcursions
ie
icelandexcursions
EM V78



## Helstu atriði í tillögu

- Bílastæði færð fjær þinghelginni
- Þjónustumiðstöð mögulega færð að Langastíg
- Vegi lokað við Vatnsvik
- Tillagan er enn í mótun




Karastaðastígur
hlað
mön og hlaðinn kantur
mön og hlaðinn kantur
göngustígur
bifreiðastæði
hlaðinn hringur -
stjörnuskoðun
Almannagjá
Hestagjá
útsýnisskífa
Öxará
snyrtingar
landamerki




Endurskoðun stefnumótunar
Megindrættir skila sér inn í aðalskipulag
Endurskoðun aðalskipulags Bláskógabyggðar í vinnslu.

# Hönnun.



Fræðslumiðstöðin á Hakinu var byggð árið 2000




Salernishús vestan hennar árið 2010

# Stækkun gestastofu á Haki








# 03.00 GESTASTOFA

## 03.01 NÝ OG ENDURBÆTT GESTASTOFA

Í stækkaðri gestastofu þurfa að vera nokkrar einingar sem mynda saman heild sem anddyri þjóðgarðsins fyrir móttöku ferðamanna. Góður skilningur þarf að vera á flæði á milli þeirra og það þarf að skilgreina vel.

Fræðsla er einn mikilvægasti þáttur í starfsemi þjóðgarðsins á Þingvöllum. Með góðri fræðslu og upplýsingum gera gestir sér betur grein fyrir mikilvægi og gildi mismunandi náttúrufyrirbæra og sögustaða og þeim ástæðum sem liggja að baki.

Miðlun sögu og þekkingar fer fram innandyra í gestastofunni á Hakinu. Fræðslan er fjölþætt og með margvíslegum hætti. Þar er fastur sýningarhluti ásamt möguleikum á m.a. sýnikennslu, móttöku skólahópa, og aðgangi að stafrænum upplýsingum. Nemendur af öllum skólastigum koma við í gestastofu. Þar fá þeir kynningu um sögu og náttúru þjóðgarðsins. Fyrir yngri skólastig eru sérstakar móttökur auglýstar og er sérútbúið kynningarefni notað í gestastofunni sem upphafskynning fyrir heimsókn til Þingvalla.

## 03.02 GRUNNEININGAR GESTASTOFU

**a. Upplýsingar – móttaka landvarðar**

Upplýsingagjöf um sögu og náttúru þjóðgarðsins og nærsveita er mikilvægur hluti af starfsemi þjóðgarðsins og starfi



landvarða og þeirra starfsmanna sem nú starfa í verslunum þjóðgarðsins. Fyrirspurnir eru af ýmsu tagi en þessi starfsemi er mjög mikilvæg þar sem starfsmenn og gestir þjóðgarðsins komast í bein kynni. Það er nauðsynlegt að greina þessa starfsemi frá verslunarhluta og gera henni hærra undir höfði. Með því batnar þjónustan í versluninni, þar sem ekki verða tafir við afgreiðslu vegna fyrirspurna um óskyld efni, og ferðamenn fá meiri athygli og tengsl við starfsfólk þjóðgarðsins. Í maí og júní 2014 sýndi talning að landverðir og starfsfólk í gestastofunni fengu 60-80 mismunandi fyrirspurnir á dag.

**b. Föst sýning – nánar er fjallað um efnistök sýningar síðar**

Meginmarkmið sýningar í gestastofu er að gefa heildaryfirlit yfir sögu og náttúru þjóðgarðsins en einnig er hægt að fara dýpra í mismunandi atriði. Sýningin þarf að draga fram alla megindrætti í sögu Þingvalla frá landnámi og stofnun Alþingis fram til samtímans. Jarðfræði Þingvalla og landmótunarsögu verður gert hátt undir höfði og gestir munu gera sér vel grein fyrir sambandi lífríkis Þingvallavatns og jarðsögu svæðisins. Sýningin á að dýpka og auka við upplifun í heimsókn til Þingvalla. Sýningin þarf að höfða til breiðs aldurshóps og vera skýr í framsetningu fyrir erlenda ferðamenn. Sýninguna þarf einnig að tengja út úr gestastofunni niður á þingstaðinn og aðra staði í þjóðgarðinum og nýta má til þess stafræna tækni eða aðra miðla.

**c. Kvikmyndasalur**

Salur/fjölnotasalur fyrir 75-100 manns. Þar verður sýnd stutt kvikmynd þar sem helstu atriði í sögu og náttúru eru dregin fram. Hægt er að sýna kvikmynd á ákveðnum tímum eða eftir óskum stærri hópa. Salurinn nýtist einnig fyrir ráðstefnur eða aðrar samkomur.

**d. Kennslustofa**

Kennslu-/vinnustofa fyrir 30 manns. Þar verður tekið á móti skólabekkjum og smærri hópum. Herbergið nýtist einnig fyrir smærri vinnufundi.

**e. Aðstaða til stjörnuskoðunar**

Þingvellir hafa á undanförnum árum orðið vinsæll áfangastaður í norðurljósaferðum og til stjörnuskoðunar. Ástæðan eru myrkurgæði svæðisins. Í stækkaðri gestastofu verður stjörnuskoðun og skoðun norðurljósa gerð aðgengilegri með góðri aðstöðu og aukinni fræðslu bæði innandyra sem utan, t.d á hluta þaksins.

**g. Veitingar**

Einföld veitingastofa. Gert er ráð fyrir kaffiborði og opnum kælum fyrir veitingar. Borðaðstaða fyrir 50 manns. Hægt verður að taka veitingar og njóta á hlaði utan við hús.

**g. Verslun**

Sölusalur fyrir vörur sem skírskota til Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Vöruval hafi að leiðarljósi að veita fræðslu um sögu og náttúru þjóðgarðsins á Þingvöllum og tengsl við Þingvallavatn. Áhersla verður lögð á íslenska hönnun og framleiðslu, að vörur komi úr nærsveitu Þingvalla og uppfylli kröfur um umhverfisvæna eða lífræ framleiðslu.

**h. Skrifstofur**

Skrifstofa fyrir landvörð ásamt fundaraðstöðu.

**j. Þjónusturými**

Viðeigandi tækni og stoðrými fyrir sýningu, skrifstofu, verslu og veitingastofu.
Lagerrými og bakvinnsluaðstaða fyrir eldhús.

## 03.03 NIÐURLAG

Við mannvirkjagerð á Hakinu þarf að huga að heillegu yfi bragði, lágmarks truflunum eða rofi á starfsemi og möguleg áfangaskiptingu.

Húsrýmisáætlun var unnin á grundvelli þarfagreiningarinna Þar er tekið mið af fyrirmælum í lögum og reglugerðum, og ef atvikum skírskotað í reynslu og fyrirmyndir úr hliðstæðu byggingum eða starfsemi.

Í þarfagreiningunni og húsrýmisáætluninni er ekki tekin afsta til skipulags svæðisins með beinum hætti. Þ.e. hvar innan svæði ins væri heppilegast að staðsetja tiltekna þætti starfseminn eða hvort og/eða hvernig æskilegt væri að deila byggingum up fleiri hluta til þess að tryggja æskilega áfangaskiptingu, og stuð að dreifingu gesta á annatímum.






# 04.00 SÝNING

## 04.01 MARKMIÐ

Meginmarkmið sýningar í gestastofu er að gesturinn fái gott heildaryfirlit yfir sögu og náttúru Þingvallasvæðisins en geti einnig farið dýpra í mismunandi atriði. Lögð verði áhersla á að sýningin nái að draga fram alla megindrætti í sögu Þingvalla frá landnámi og stofnun Alþingis fram til nútíma. Jarðfræði Þingvalla og landmótunarsaga verði sett fram með skýrum hætti ásamt því að gesturinn geri sér grein fyrir sambandi lífríkis Þingvallavatns og jarðsögu svæðisins. Sýningin verði til þess að dýpka og auka við upplifun í heimsókn til Þingvalla. Sýningin þarf að höfða jafnt til barna og fullorðinna og að vera sérstaklega skýr í framsetningu fyrir erlenda ferðamenn af ólíkum/mörgum þjóðernum. Sýninguna þarf einnig að tengja út úr gestastofunni niður á þingstaðinn og aðra staði í þjóðgarðinum og nýta má til þess stafræna tækni eða aðra miðla.

## 04.02 EFNISTÖK

Á Þingvöllum koma saman saga og náttúra Íslands á einum stað. Sagan nær frá upphafi Íslandsbyggðar, þjóðveldisöld, miðöldum og til nútíma. Meginatburðir eru m.a. stofnun Alþingis árið 930, kristnitaka árið 1000 og stofnun lýðveldis árið 1944. Efnistök í náttúrufræði snerta á meginatriðum í náttúrufræði Íslands, flekahreyfingum á jörðinni og Íslandi og umbrotasögu elds og íss og lífríki Þingvallavatns og tengsl þess við jarðsögu svæðisins.

## 04.03 HELSTU ATRIÐI Í SÝNINGU

**a. Um þjóðgarðinn**

Kynning á starfsemi þjóðgarðsins; helstu gönguleiðir og kennileiti. Upplýsingar samkeyrðar úr landupplýsingakerfi þjóðgarðsins. Kynning og aðgengi að örnefnum og fornleifaskráningu.

**b. Saga – frá þjóðveldisöld til nútímans**

Landnám
Lögberg
Lögrétta
Tenging við aðra þingstaði í Norður-Evrópu
Dómar
Miðstöð þjóðlífs
Kristnitaka
Eftir Jónsbók síðmiðaldir
Heiðinn siður
Kristnitaka og saga kristni
Aftökur og refsingar
Þinghelgin
Tákn sjálfstæðis
Sjálfstæði Íslands 1944
Stórhátíðir
Hraunfólkið og mannlífið í Þingvallahrauni.

**c. Náttúra – jarðfræði og lífríki Þingvallavatns**

Flekahreyfingar
Jarðsagan eftir ísöld
Vatnasvið Þingvallavatns
Lífríki vatnsins
Fiskurinn
Urriði
Bleikja
Hornsíli
Gróður og dýralíf

**d. Stjörnuheimur og norðurljós**

Samtök þjóðgarða sem sinna stjörnuskoðun.
Norðurljósaskoðun og fræðsla.
Dark Sky Project.

**e. Þingvellir í listum**

Áhrif Þingvalla á menningu og listir, m.a. bókmenntir og myndlist.

**f. Þingstaðir í öðrum löndum**

Kynning á Thing Sites – Þjóðgarðurinn á Þingvöllum tók þátt í verkefni sem tengdi saman sjö þingstaði í kringum Norður-Atlantshaf árin 2009-2012. Mikil vitneskja fékkst um tengsl og uppruna fleiri þingstaða. Kynna sögu þingstaða á Íslandi og þeirra sem tóku þátt í verkefninu ThingProject.

**g. UNESCO heimsminjasáttmálinn**

Mikilvægi heimsminjaskráningar Þingvalla sem menningarminjar 2004.
Heimsminjaskráning á víkingaminjum (raðtilnefning).
Tilefni og gildi tilnefningar. Áhrif á stöðu þjóðgarðsins á heimsvísu.
Ábyrgð og skyldur Þjóðgarðsins á Þingvöllum á varðveislu menningarminja til framtíðar.

## 04.04 NIÐURLAG

Huga þarf að sýningarhönnun samhliða hönnun á ytri umgjörð gestastofu til að auka samlegðaráhrif og tryggja hagkvæmni í uppbyggingu.

# Tillaga að aðstöðu við Öxarárfoss














YFIRLITSMYND, KVARÐI 1:200







TÖLVUGERÐAR ÞRÍVÍDDARMYNDIR



GLÁMA·KÍM

Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík
s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739
glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is

ÞINGVELLIR

ÁNINGARSTAÐUR VIÐ ÖXXARÁRFOSS

TILLAGA

| | |
|---|---|
| KVARÐI-A1: | TEIKN NR: |
| DAGS: 19.04.2013 | HANNAÐ: |
| FLOKKUR: | TEIKNAÐ: |
| | VERKNR: |

LANDSLAG ehf.
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA
VEFFANG: WWW.LANDSLAG.IS / NETFANG: LANDSLAG@LANDSLAG.IS





# Tillaga að aðstöðu við Drekkingarhyl











ALMANNAGJÁ
KÁRASTAÐASTÍGUR
ÞINGVELLIR ÞJÓÐGARÐUR
← Hakið 300m P1 WC
Hakið 200m
Gestastofa Visitor Centre
→ Lögberg 350m
Drekkingarhylur 500m
Flosagjá 750m P4
Þingvallakirkja 850m
Kastalar 850m P2
Öxarárfoss 1450m
Langistígur 2100m P3
2800m
↓ Valhöll 200m P5
Silfra 730m
Þingvallakirkja 650m
Flosagjá 750m
112 SOS




STANLEY













## Hjarðhegðan ferðamanna skapar nýjar áningarstaði



**Takk fyrir áheyrnina.**